



## EFNI:

Fóstureyðingar 2012	bls.	1
Ófrjósemis- aðgerðir 2012	bls.	2

### Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir  
sviðsstjóri, ábm.

Jónína M. Guðnadóttir

Ritstjóri

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

### EMBÆTTI LANDLÆKNIS HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

Barónsstíg 47  
101 Reykjavík  
Sími: 510 1900  
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is  
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa  
fréttabréfs, sé heimildar getið.

## FÓSTUREYÐINGAR 2012

Tölur um [fóstureyðingar árið 2012](#) voru gefnar út á vef Embættis landlæknis í maí á þessu ári. Á sama tíma tíma voru tölur fyrir árið 2011 endurskoðaðar og endurútgefnar. Árið 2012 voru framkvæmdar 980 fóstureyðingar á Íslandi en það er svipaður fjöldi og undanfarin ár. Nokkuð færri aðgerðir voru hins vegar framkvæmdar á árunum 2004–2007 eða um 900 fóstureyðingar ár hvert.

### Fóstureyðingar miðað við 1.000 konur á frjósemisaldri

Árið 2012 voru framkvæmdar 12,7 fóstureyðingar á Íslandi miðað við hverjar 1.000 konur á frjósemisaldri (15–49 ára). Að jafnaði eru flestar fóstureyðingar gerðar á konum í aldurshópnum 20–24 ára. Árið 2012 var engin undantekning að þessu leyti, en 26 af hverjum 1.000 konum í þeim aldurshópi gengust undir fóstureyðingu árið 2012. Næstflestar fóstureyðingar voru framkvæmdar hjá konum í aldurshópnum 25–29 ára, 19,5

Fóstureyðingar	
Ár	Fjöldi
2000	987
2001	967
2002	900
2003	955
2004	889
2005	868
2006	904
2007	905
2008	959
2009	981
2010	977
2011	970
2012	980


fóstureyðingar miðað við hverjar 1.000 konur á þeim aldri.

Athyglisvert er að fylgjast með þróun fóstureyðinga hjá elstu og yngstu aldurshópnum. Tölfræðin sýnir að fóstureyðingum meðal kvenna yngri en 20 ára hefur fækkað talsvert undanfarinn áratug. Þannig fóru 13,6 konur af hverjum 1.000 á aldrinum 15–19 ára í fóstureyðingu árið 2012, en á árunum 1997–2001 voru framkvæmdar


en á árunum 1997–2001 voru framkvæmdar

Framh. bls. 2

### Fóstureyðingar 2012 miðað við 1.000 konur á frjósemisaldri



Tölfræðin sýnir að fóstureyðingum meðal kvenna yngri en 20 ára hefur fækkað talsvert undanfarinn áratug.



yfir 20 fóstureyðingar ár hvert hjá hverjum 1.000 konum í þessum sama aldurshópi.

2012 gengust tvær konur af hverjum 1.000, 40-49 ára, undir fóstureyðingu, sem er áþekkur fjöldi og undanfarin ár.

Lítill breyting hefur hins vegar orðið á fjölda fóstureyðinga meðal kvenna yfir fertugu. Árið


**Hildur Björk Sigbjörnsdóttir**

## ÓFRJÓSEMISAÐGERÐIR 2012

Árið 2012 voru 606 ófrjósemisaðgerðir framkvæmdar á Íslandi, 483 aðgerðir á karlmönnum en 123 á konum. Þetta er

svipaður fjöldi og undanfarin tvö ár en heldur fleiri aðgerðir en framkvæmdar voru á árunum 2004-2009.

Framh. bls. 3



*Algjör viðsnúningur  
hefur orðið á  
hlutfalli karla og  
kvenna sem gangast  
undir  
ófrjósemisaðgerðir  
á tiltölulega  
skömmum tíma.*

#### **Enn breið bilið milli kynjanna**

Undanfarna áratugi hefur mikil breyting orðið á hlutfalli karla og kvenna sem gangast undir ófrjósemisaðgerðir hér á landi. Á meðan talsverður stígandi hefur verið í fjölda framkvæmdra ófrjósemisaðgerða á karlmönnum hefur dregið mjög úr slíkum aðgerðum meðal kvenna á Íslandi. Þannig gengust fleiri karlmenn undir ófrjósemisaðgerð árið 2012 en nokkru sinni fyrr (483) en á sama tíma hafa aldrei, frá upphafi skráningar, verið færri ófrjósemisaðgerðir framkvæmdar á konum (123). Í fyrra voru konur ríflega 20% þeirra sem fóru í slíka aðgerð. Til samanburðar voru ófrjósemisaðgerðir á konum rúmlega 55% af heildarfjölda aðgerða fyrir áratug og fyrir tuttugu árum voru þær 94% af heildarfjölda aðgerða. Algjör viðsnúningur hefur því orðið á hlutfalli karla og kvenna sem gangast undir ófrjósemisaðgerðir á tiltölulega skömmum tíma.

<b>Ófrjósemisaðgerðir</b>	
<b>Ár</b>	<b>Fjöldi</b>
2000	765
2001	667
2002	662
2003	627
2004	514
2005	565
2006	531
2007	496
2008	520
2009	512
2010	603
2011	581
2012	606

***Hildur Björk Sigbjörnsdóttir***